

Alþingi
Erindi nr. P 136/1108
komudagur 9. 3. 2009



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2009

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dagsett 4. Mars 2009, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál

FÍN gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1164
komudagur 10. 3. 2009

Akureyri 8. mars 2009

Umsögn um þingsályktunartillögu
Þskj. 613 – 362. mál

Umsagnaraðili: Félag landfræðinga

Félag landfræðinga tekur heilshugar undir þingsályktunartillögu þess efnis að próf sé forsenda réttinda til landvörslu. Er það mat okkar að til að náttúruvernd og að góð umgengni um náttúru verði sem best tryggð er góður skilningur landvarðar á landinu og þess gæðum og viðkvæmni forsenda.

Einnig tekur félagið undir athugasemd sem nefnd er við frumvarpið og felur í sér að hægt sé að meta menntun þeirra sem vilja vera landverðir inn í samsvarandi efnisþætti landvarðanámskeiðs. Þannig til að mynda gætu félagsmenn í Félagi landfræðinga átt greiðan aðgang að landvarðaprófi enda það BS nám sem liggur til grundvallar aðild að félaginu í mörgu líkt því sem standa skal skil á við próf til landvörslu.

Félagið vill hinsvegar koma að þeirri ábendingu að finna verði leiðir til að tryggja aðgengi landbyggðar að námskeiðum og próftöku til landvarðaréttinda og þannig veita samstarfstofnunum UST heimild til að kenna námsefni tengt prófinu með samþykki UST.

Fh. Félags landfræðinga

Edward H. Huijbens

Formaður

5.3.2009

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1048
komudagur 5.3.2009

Umhverfisstofnun Alþingis

Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við frumvarp um breytingar á iðgum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson

Landmælingar Íslands

10.mars 2009

Vísað er til tölvupósts frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Landvarðafélags Íslands um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál. Megin tilgangur frumvarpsins er að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til að halda námskeið í landvörslu, svo og heimild til stofnunarinnar til gjaldtöku vegna slíkra námskeiða og prófa. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að meta þá menntun gilda sem samsvarar efnispáttum námskeiðsins. Jafnframt er lagt til að kveðið sé á um það í lögum hvaða meginþættir þurfa að vera til staðar fyrir menn svo að þeir megi starfa við landvörslu, auk þess sem helstu þættir landvörslunáms eru tilgreindir.

1. Heimild Umhverfisstofnunar til að halda landvarðanámskeið

Landvarðafélag Íslands hefur skoðað framangreint frumvarp og telur til bóta að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til að halda landvarðanámskeiðnámskeið. Landvarðafélag Íslands leggur áherslu á að auk Umhverfisstofnunar skuli koma að skipulagningu landvarðanámskeiða fulltrúar frá öðrum stofnunum sem ráða til sín landverði (nú auk Umhverfisstofnunar Vatnajökulsþjóðgarður og Þingvallabþjóðgarður) auk fulltrúa frá Landvarðafélagi Íslands.

2. Heimild Umhverfisstofnunar til gjaldtöku vegna landvarðanámskeiða

Landvarðafélag Íslands bendir á að engin önnur starfsstétt sem starfar fyrir ríkisstofnun greiðir fyrir menntun sína á þennan hátt. Færa má rök fyrir því að gjaldtakan sé einungis réttlætanleg ef sá sem sækir námskeiðið ætlar sér ekki að starfa sem landvörður. Landvarðafélag Íslands gerir það að tillögu sinni að hófleg gjaldtaka verði heimiluð með því skilyrði að námskeiðgjald verði endurgreitt að fullu þeim sem ráðnir eru til starfa sem landverðir.

3. Heimild Umhverfisstofnunar til að meta þá menntun gilda sem samsvarar efnispáttum landvarðanámskeiðs

Í frumvarpinu og umræðu um það gætir að mati Landvarðafélags Íslands misskilnings er lýtur að menntun landvarða. Landvarsla er sértækt starf sem reynir á viðtæka þekkingu og hæfni einstaklinga sem skal þjálfuð líkt og kveðið er á um í 2. mgr. 29. gr. laga um náttúruvernd skv. eftirfarandi: „Rétt til að starfa sem landvörður ... hefur sá er lokið hefur námskeiði og prófi í landvörslu sem eru á vegum Umhverfisstofnunar“. Námskrá slíks námskeiðs liggur fyrir hjá stofnuninni. Landvarðafélag Íslands fagnar því að bundið verði í lög hvaða meginþekking þurfi að vera til staðar til að fólk megi starfa við landvörslu, auk þess sem námsþættir landvarðanámskeiðs verði þar tilgreindir. Landvarðafélag Íslands leggur áherslu á fullgild, fagleg námskrá liggji fyrir sem forsenda við mati á öðru námi sem kemur til með að meta að einhverju leyti til landvarðaréttinda.

Meginmarkmið landvarðanámskeiðs á að vera að gera fólk færft um að miðla þekkingu á náttúru og sögu landsins í gegnum aðferðir náttúrutúlkunar (e. nature interpretation) með það að leiðarljósi að þekking leiði til virðingar og virðingin til verndunar. Um er að ræða sérhæfða kennsluáðferð sem miðar að því að virkja þátttakendur til upplifunar á umhverfi sínu með sem fjölbreyttustum hætti skynjunar. Þessi áðferð er upprunnin í starfi landvarða í Bandaríkjunum og hefur síðan verið þróuð þar og annars staðar, oft á friðuðum svæðum. Hún þykir algjör grundvallarnálgun þegar kemur að móttöku gesta, fræðslu sem þeim er veitt og virkjun og vitundar almennings til meðvitundar um gildi umhverfisverndar og friðlýsinga. Hún hefur einnig reynst öflugt tæki til að skapa skilning hjá gestunum á mikilvægi þess að taka virkan þátt í að ná markmiðum stofnana og starfsmanna sem sjá um friðlýst svæði. Þessi áðferðafræði er því mikilvægasti þátturinn í menntun landvarða.

Auk náttúrutúlkunar er stór þáttur landvarðanámskeiðs fólgin í því að búa verðandi landverði undir þau sértæku störf sem þeirra bíða á hinum ólíku starfssvæðum. Þættir sem þar koma við sögu eru þekking á náttúrufari og sögu, mannleg samskipti, öryggismá, framfylgni friðlýsingarlaga, stígagerð og minniháttar viðhald svo fátt eitt sé nefnt.

Ýmis menntun, þekking og reynsla nýtist í starfi landvarða og er raunin sú að margir landverðir í dag búa að fjölþættum bakgrunni menntunar og reynslu. Slíkt er þó í sjálfu sér ekki trygging fyrir því að viðkomandi hafi þá sýn sem talin er nauðsynleg fyrir landverði í starfi, þó vafalaust auðveldi hún viðkomandi að öðlast hana. Á landvarðanámskeiði hefur fólk fengið fræðslu í forsendum starfsins og þar hafa þátttakendur lært og fengið ríka þjálfun í að miðla þekkingu sinni með áðferðum náttúrutúlkunar jafnframt því að fræðast um náttúruvernd og aðra hagnýta þætti sem koma að gagni í starfinu. Ekki leikur vafi á að landvarðanámskeið veitir sértæka menntun og hagnýta þjálfun, sem ávallt ætti að verða viðbót við annað gott nám, svo sem á sviði náttúruvísinda, ferðamálafræða, leiðsögunáms eða aðra menntun og reynslu sem nýtist landvörðum í starfi.

Vegna sérstöðu landvarðanámsins leggst Landvarðafélag Íslands eindregið gegn því að veittar verði heimildir til að meta aðra menntun jafngilda landvarðaréttindum en þeirri sem nú fæst á landvarðanámskeiði.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands,

Þórunn Sigþórsdóttir
Formaður Landvarðafélags Íslands
thorunns@simnet.is

LANDVARÐAFÉLAG ÍSLANDS
The Ranger Association of Iceland
P.O. Box 696 - 121 Reykjavík
www.landverdir.is - landverdir@landverdir.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/1185
komudagur 11.3.2009



LANDVERND

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2009

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999

Í 29. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um landverði og hlutverk þeirra. Í núgildandi lögum er ráðherra veitt heimild til reglugerðarsetningar þar sem kveða skuli nánar á um á um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Í framkominni tillögu að breytingu á 2. mgr. 29. gr. laganna eru réttindi til starfa nánar útfærð og er þar vísað í próf til landvörslu að loknu námskeiði á vegum Umhverfisstofnunar, eða samsvarandi menntun að mati Umhverfisstofnunar. Þá er stofnuninni veitt heimild til gjaldtöku, skv. gjaldskrá sem sett yrði af ráðherra að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun, til þess að standa undir námskeiðum. Gjald skal ekki vera hærra en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðinu og vinnu vegna próftöku. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða í reglugerð nánar um nám og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

Með stofnun Vatnajökulþjóðgarðs hafa stjórnvöld skapað fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar í tengslum við landvörslu, leiðsögn og aðra þætti sem tengjast ferðaþjónustu. Atvinnutækifærin er að finna í öllum sveitarfélögum sem eiga land að þjóðgarðinum og er því stofnun hans afar jákvæð m.t.t. atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Ein af forsendum þess að vel geti tekist til í þessum efnum er gott bakland og viðeigandi menntun á meðal heimamanna og annarra sem að málum koma. Frumvarpið styrkir grundvöll fræðslustarfseminnar sem til þarf og telur Landvernd þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu vera til bóta.

Með vinsemd og virðingu,

Björgólfur Thorsteinsson,
formaður Landverndar

Alþingi
Erindi nr. P 136/1144
komudagur 10.3.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
 Nefndasvið
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. mars 2009
 2009030002/42-1-1
 TB
 jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, landvarsla

Vísað er til tölvupósts frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál. Megin tilgangur frumvarpsins er að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til að halda námskeið í landvörslu, svo og heimild til stofnunarinnar til gjaldtöku vegna slíkra námskeiða og prófa. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að meta þá menntun gilda sem samsvarar efnisþáttum námskeiðsins. Jafnframt er lagt til að kveðið sé á um það, í lögum hvaða meginþættir þurfa að vera til staðar fyrir menn svo að þeir megi starfa við landvörslu, auk þess sem helstu þættir landvörslunáms eru tilgreindir.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skoðað framangreint frumvarp og telur til bóta að lögfesta heimild Umhverfisstofnunar til að halda námskeið þ.m.t. til að halda próf í landvörslu, svo og heimild stofnunarinnar til gjaldtöku vegna slíkra námskeiðanna. Hins vegar virðist frumvarpið vera afar takmarkað og ónákvæmt þegar kemur að menntun landvarða og jafnvel afturför frá því sem stefnt hefur verið að í mörg ár.

Landvarsla er starf sem felur í sér sambland margra þátta. Það sem er grunnþáttur í starfinu og sameinar aðra þætti er náttúruvernd. Til að geta starfað að landvörslu á Íslandi með náttúruvernd að markmiði eru tveir þættir sem verða að vera fyrir hendi. Annars vegar grunnþekking á náttúru Íslands og hins vegar hæfileikar til að nota þá þekkingu til fræðslu svo sem við umhverfistúlkun (Environmental Interpretation) en einnig þarf kunnáttan að nýtast til að „kenna“ og til að fræða um náttúruvernd vegna t.d. þjónustu við ferðamenn, eftirlits og umsjónar með náttúruverndarsvæðum og landinu almennt. Öryggi ferðamanna, stígagerð og verkunnátta á ýmsum sviðum er einnig nauðsynleg við landvörslu en flokkast samt til undirþátt þó aldrei megi vanmeta þá. Aðrir en landverðir geta sinnt þessum þáttum. Öryggi ferðamanna hér á landi er t.d. samvinna milli margra aðila og fer eftir svæðum t.d. landvarða í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum, lögreglu, lækna og björgunarsveita en getur aldrei verið aðalþáttur í starfi landvarða. Starf björgunarsveitamanna þarfnast t.d. mikillar sérþekkingar og reynslu sem ekki er hægt að ætlast til að allir landverðir hafi að fullu en skyndihjálp hefur t.d. verið kennd í áráðir á landvarðanámsskeiðum. Þekking á lögum og reglum um náttúruvernd og uppbyggingu náttúruverndarmála innanlands sem á alþjóðavettvangi er nauðsynleg.



Viða erlendis er landvarðanámskeið mun umfangsmeira en hér á landi og sumstaðar sérstakt nám til nokkurra ára þar sem verknám er mjög mikilvægur þáttur í náminu. Frumvarpið, þegar kemur að námi landvarða, hefur öll einkenni þess að forgangsraða náminu rangt og leggja áherslu á reglur, öryggi og stígagerð en **gleymir hreinlega að nefna annan grunnvallarpáttinn sem landverðir þurfa að kunna skil á þ.e. náttúra Íslands.** Í frumvarpinu er fræðslu forgangsraðað síðast. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um reglugerð nr. 61/1990 um landverði en í reglugerðinni eru taldir upp þeir þættir sem landvarðanámskeið á að innihalda þ.e. A Ísland - náttúrufar og þjóðlíf, B Náttúruvernd, C Umhverfisréttur, D.Landvarsla - dagleg störf og E. Umhverfisfræðsla - umhverfistúlkun. Þessir þættir eru enn í fullu gildi.

Náttúrufræðistofnun þykir einnig of langt gengið í frumvarpinu, með þeim hætti sem það er gert, að Umhverfisstofnun eigi að hafa heimild til að meta menntun gilda sem samsvarar efnisþáttum námskeiðsins. Efnisþættir landvarðanámskeiða eru settir fram í námsskrá, sem er til er að miklu leyti, en námskrár er alltaf hægt að bæta og breyta. Mun nær er að hafa reglugerðarheimild í lögunum og telja einnig upp þá þætti sem landvarðanámskeið á að fjalla um og þar sé þess jafnframt getið að setja megi í reglugerð heimild til Umhverfisstofnunar til að meta annað nám vegna landvarðanámskeiða. Þekking t.d. á einstökum greinum náttúrufræða er engin trygging fyrir að fólk hafi skilning á náttúruvernd eða hæfileika til að sinna landvörslu. Það er því nauðsynlegt að fara varlega við að meta hina og þessa menntun sem gilda ef hennar er ekki aflað í „réttu“ samhengi við það sem hefur verið sagt hér að framan.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að hvergi er minnst á Landvarðafélag Íslands í frumvarpinu, ekki heldur í greinargerð. Mikilvægt er að góð samvinna sé um innihald landvarðanámskeiða við Landvarðafélag Íslands.

Vegna þessa frumvarps vill Náttúrufræðistofnun benda á að í mörg ár hefur ríkt mikil réttaróvissa um hvaða heimildir landverðir hafa t.d. til að koma í veg fyrir náttúruspjöll s.s. vegan aksturs utan vega. Ástæða er til að skoða þennan þátt sérstakelga.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 136/1033
komudagur 5.3. 2009

4.3.2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Kveðja, Guðjón Bragason



Alþingi
Erindi nr. P 136/1184
komudagur 11.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.


Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta skyldu Umhverfisstofnunar til að halda námskeið fyrir landverði sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Stofnuninni er einnig heimilt að meta hvort annað nám, sem umsækjendur um starf hafa lokið, sé jafngilt námskeiðinu.

Umsagnaraðilar mótmæla því að lögfest verði að Umhverfisstofnun haldi námskeiðin. Hætta er á hagsmunaárekstrum verði frumvarpið að lögum því stofnunin mun hafa tekjur af námskeiðahaldi og henni verður í hag að auka umsvif námskeiða með auknum kröfum til nemenda og umsækjenda. Einnig er óeðlilegt að einn og sami aðilinn ákveði menntunarkröfurnar, haldi námskeið og próf, veiti samþykki fyrir öðru jafngildu námi, veiti réttindi, taki svo gjald fyrir allt saman og ráði stærstan hluta þátttakenda í vinnu hjá sér.

Viðurkenndar menntastofnanir hafa yfir að ráða þekkingu og reynslu á þessu sviði og má nefna sem dæmi Ferðamálaskólann og Leiðsöguskólann. Eðlilegt er að gefa slíkum aðilum kost á að halda námskeið fyrir þennan hóp. Kröfur um efni námskeiðs eru settar fram í reglugerð nr. 61/1990 og leggja umsagnaraðilar til að Umhverfisstofnun verði falið að hafa eftirlit með að námskeið sem haldin eru standist kröfurnar.


Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins


Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins

Alþingi
Erindi nr. P 136/1198
komudagur 11.3.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. mars 2009
Tilvísun: UST20090300019/þek

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd

Með bréfi, dags. 4. mars 2009, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Sigrun Ágústsdóttir